

# Neyðaráætlun Bláskógaskóla

## Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða bráðra veikinda á barni:

- Hringt í 112.
- Foreldrum tilkynnt um slysið/veikindin.
- Stjórnandi (eða staðgengill hans) fer með barni í sjúkrabíl.
- Taka með allar persónulegar upplýsingar um barnið.
- Skólastjóri boðar fund með viðbragðsteymi sem skiptir með sér verkum um áframhaldandi vinnu málsins.
- Ef barnið er úrskurðað látið hefur skólastjóri (eða staðgengill hans) samráð við prest varðandi næstu skref.
- Samráðsteymi er kallað saman auk sóknarprests, óháð tíma og dagsetningu, á fund þar sem fólk skiptir með sér verkum. Bera skal allar aðgerðir skólans undir forráðamenn til samþykkis.
- Gæta skal þess að náin skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega.
- Skólastjóri tilkynnir starfsfólki skólans dauðsfallið við fyrsta tækifæri.
- Skólastjóri og sóknarprestur tilkynna andlátið strax á viðkomandi deild/bekk og kennari kemur með á deildina/bekkinn. Hlúð er að börnunum á deildinni/bekknunum eins og hægt er með aðstoð starfsfólks. Haft verður fullt samráð við viðkomandi fjölskyldu.
- Fullt tillit tekið til trúarbragða viðkomandi fjölskyldu.
- Skólinn dregur fána í hálfu stöng þegar búið er að tilkynna starfsfólki og börnunum andlátið.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu skólastjóri (eða staðgengill hans) sem gefur upplýsingar um málið.

## Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegra veikinda barns:

- Skólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um veikindin.
- Skólastjóri hefur samráð við foreldra hvað gera skuli innan skólans.
- Viðbragðsteymi heldur fund ásamt umsjónarkennara barnsins þar sem upplýst er um veikindin. Á fundinum er metið hverjir eiga að fá upplýsingar um málið og um frekari vinnslu þess.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu skólastjóri (eða staðgengill hans) sem gefa upplýsingar um málið.

## Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða veikindi starfsmanns:

- Skólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um málið.
- Viðbragðsteymi skólans er kallað saman og ákveður, hvernig farið er með málið innan skólans.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu skólastjóri (eða staðgengill hans) sem gefa upplýsingar um málið.

### Fyrstu viðbrögð vegna andláts starfsmanns:

- Skólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um andlátið.
- Viðbragðsteymi skólans kallað saman og tekur ákvörðun um frekari vinnslu málsins.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu skólastjóri (eða staðgengill hans) sem gefa upplýsingar um málið.

### Fyrstu viðbrögð vegna andláts maka, barns (foreldris) starfsmanns:

- Skólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um andlátið.
- Viðbragðsteymi skólans er kallað saman og tekur ákvörðun um frekari vinnslu málsins.

### Fyrstu viðbrögð vegna andláts foreldris eða náins aðstandenda barns:

- Skólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um andlátið.
- Viðbragðsteymi skólans er kallað saman og tekur ákvörðun um frekari vinnslu málsins.

### Neyðaráætlun – vegna slysa

Veitt er fyrsta hjálp í skólanum og minniháttar slysum sinnt. Slasist barn í skólanum er unnið samkvæmt gildandi neyðaráætlun skólans um fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss. Áætlunin gerir ráð fyrir tafarlausu útkalli neyðarbíls í alvarlegum tilfellum og að umsvifalaust sé haft samband við foreldra. Þegar hjúkrunarfræðingur er staddur í skólanum annast hann bráðahjálp og hefur samband við foreldra. Þurfi barn að fara á heilsugæslustöð eða slysa- og bráðamóttöku, er æskilegt að foreldri fylgi því. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt í skólanum. Öll slys sem upp koma í skólanum ber að ská á slysskráningarblað sem er í möppu hjá ritara.

Ef barn er með greindan alvarlegan sjúkdóm sem getur stefnt heilsu / lífi þess í bráða hættu er nauðsynlegt að skólaheilsugæsla viti af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.

### Eftir veikindi

Þegar nemendur eru veikir heima er æskilegt að foreldrar haldi þeim heima, einn auka dag hita og verkja lausum. Miðað er við að nemendur komi til baka í skólann fullfrískir til að taka þátt í leik og starfi Bláskógaskóla.